

Fundargerð 137 fundar fræðslunefndar Flóahreppi

Fundarstaður: Flóaskóli
Fundardagur: Þriðjudagur 20.september 2022
Fundartími: Krakkaborg: 16.30 - 17.15
Sameiginleg málefni 17.15 - 17.30
Flóaskóli: 17.30 – 18.45

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður
Axel Páll Einarsson, aðalmaður
Anný Ingimarsdóttir, aðalmaður, ritari
Snædís Mjöll Kristjánsdóttir, aðalmaður
Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar
Þórdís Þormóðsdóttir, aðstoðar leikskólastjóri Krakkaborg
Benedikt Karl Gröndal fulltrú starfsmanna Krakkaborgar
Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar
Gunnlaug Harmansdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Sigríður Oddný Stefánsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla
Sigurður Þór Emilsson fulltrúi foreldra Flóaskóla

Bjarni setti fundin og bauð fundarmenn velkomna.

Krakkaborg:

1. Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt – Leikstjórastjóri fór yfir helstu fréttir af leikskólastarfinu. Þess ber helst að nefna er að Ugludeild og Krummadeild opnuðust strax fyrir alla nemendur eftir sumarfrí en Lóudeild varð að bíða aðeins vegna manneklu. En það náðist að fá fólk til vinnu og var hægt að taka á móti börnum í aðlögun á Lóudeild um miðjan ágúst. Þrátt fyrir þetta er óvissuástand þar sem sumt af því fólk sé réði sig var ekki tilbúið að festa sig í allan vetur og gæti því ástandið breyst um áramótin. Í dag eru 34 börn í leikskólinn. Leikskólinn tók á móti grænfánanum í þriðja sinn í síðust viku. Leikskólinn hefur nú hafið ferli í að verða heilsueflandi leikskóli, þetta hentar vel í tengslum við grænfánaverkefnið. Tekin eru fyrir ákveðið verkefni með gátlistum s.s. tannvernd, mataræði o.fl. Byrjað verður á gátlista um mataræði.

2. Starfsskýrsla 2021-2022 – Lögð fram, fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við skýrsluna.

3. Starfsáætlun Krakkaborgar 2022-2023 – Lögð fram til kynningar, málið er frestað til næsta fundar.

4. Húsnæðismál og skólalóð Kakkaborg – Búið er að setja gróðurhús upp við leikskólann. Mikilvægt að skoða öll öryggismál og er umsjónarmaður fasteigna að skoða þau mál og laga það sem þarf að gera.

5. Gjaldskrá Krakkaborgar – Lögð fram, gjaldskrá er uppfæriskv. vísitölu. Formaður kynnti bókun frá fundi sveitarstjórnar frá 9. ágúst um gjaldskrá og hækkun á henni. Fræðslunefnd leggur mikla áherslu á að gjaldskrá verði stillt í hóf og verði ekki hærri en í nágrannasveitarfélögunum.

6. Dvalar- og inntökuskilyrði Krakkaborgar – Leikskólastjóra falið að skoða þetta og leggja fram á næsta fundi fræðslunefndar.

7. Önnur mál - Fræðslunefnd leggur mikla áherslu á að hlúa að starfsfólki og þeim mannauð sem er til staðar og tryggja faglegt starf og stöðugleika. Fræðslunefnd leggur áherslu á að reyna koma til móts við foreldra þeirra barna sem fá ekki pláss s.s. eins og heimgreiðslur eins og er til staðar í sumum sveitarfélögum. .

Sameiginleg málefni:

8. Skóladagatal – breyting - Leikskólastjóri óskar eftir breytingu á starfsdögum, nánari útfærsla verður lögð fram á næsta fundi.

9. Samstarf Flóaskóla og Krakkaborgar – áætlun lögð fram, lagt er til að bætt verði við að elstu krakkar í leikskólanum fari í íþróttir með 1. bekk til reynslu. Áætlunin verður tekin fyrir á næsta fundi með breytingum.

10. Starfsáætlun fræðslunefndar – Lögð fram, tillaga er borin upp hvort hægt sé að byrja fundina fyrr en kl. 16:30. Samþykkt er til reynslu að byrja fundina kl. 15:30 og þeir haldnir í Þingborg.

11. Önnur mál – Engin önnur mál

Flóaskóli:

12. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt – Skólinn fer vel af stað, 114 nemendur eru skráðir í skólann og starfsmenn eru 31, skólinn fékk undanþágu fyrir 5 leiðbeinendum. Þrjú árgangateymi eru í skólanum, fastir fundir hjá þeim eru einu sinni í viku. Stoðþjónustan fléttist vel inn í starf skólans í þessum árgangateyimum. Fagteymi og stýrihópar eru virk, s.s. grænánaverkefni, heilsueflandi skóli, forvarnir og jafnréttismál. Skólinn er að sækja um að vera UNESCO skóli – sem felst m.a. í auknu lýðræði og nemendur geti fjallað um álitleg málefni. Bekkirnir fóru í ýmsar ferðir fyrstu vikunnar í skólanum s.s. berjamó, fjallgöngu og inn í Þórsmörk. Foreldrafélagið gaf skólanum sl. vor eldstæðispott sem var vígður í byrjun september. Sinfóníuhljómsveit Suðurlands mun koma og halda tónleika fyrir 3. 4. og 5 bekk núna í vikunni. Þá er 7.-10. bekkur með þemaverkefni um sjálfbærni. Valið fer vel af stað og eru t.d. eru rúmlega 20 einstaklingar í forvali í Skólahreysti. Flóaskóli sótti um að vera með í nýrri keppni á landsvísu um matreiðslu og fékk þátttökurétt, um 10 skólar taka þátt í þessari keppni.

13. Starfsáætlun Flóaskóla 2022-2023 – drög – Þessum lið frestað til næsta fundar.

14. Ársskýrsla 2021-2022 – Helstu niðurstöður kynntar – þessum lið frestað til næsta fundar.

15. Skólaakstur skipulag og verklag, - akstursáætlun til staðfestingar – Lagðar eru fram reglur um skólaakstur. Rætt um 4. gr. þar sem kemur fram að heildartími skólaaksturs, að meðtöldum biðtíma, sé að jafnaði ekki lengur en 120 mínútur. Lengsta leið í morgunferð er um 50 mínútur þá eiga þau börn eftir að fara í annan akstur á skólatímanum. Rætt um hvernig er hægt að hagræða enn frekar til að börnin séu ekki eins lengi í skólabílnum. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við reglurnar um skólaakstur og samþykkir þær sem og akstursáætlunina, en vill ítreka mikilvægt þess að hagræða lengt tíma barna í skólabílnum. Fræðslunefnd vill leggja áherslu á við sveitarstjórn við gerð næstu fjárhagsáætlun að horft verði á styttingu hámarkstíma barna í skólaakstri.

16. Húsnæðismál og skólalóð Flóaskóla, einnig skipun í vinnuhóp – Bætt hefur verið aðstæður fyrir starfsmenn s.s. læstir skápar. Á fundi sveitarstjórnar þann 6. september sl. var tekið fyrir erindi frá skólastjórnendum og íþróttakennara vegna skólalóðar og aðstöðu til íþróttakennslu. Í máli skólastjóra kemur fram að búið er að ákveða að kaupa færanlegar körfuboltakörfur, ærslabelg og þá hefur Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. gefið skólanum fimm frísbíggjuförur. Í kjölfar erindisins samþykkti sveitarstjórn að stofnaður yrði vinnuhópur sem hefur það hlutverk að fullvinna þarfagreiningu húsnæðis og aðstöðu við Flóaskóla og skila tillögum að uppbyggingu, áfangaskiptingu og tímasettri framkvæmdaáætlun á grundvelli þarfagreiningar til sveitarstjórnar eigi síður en í mars 2023. Óskað er eftir fulltrúa úr fræðslunefnd í þennan hóp. Samþykkt er að formaður nefndarinnar, Bjarni Stefánsson, verði fulltrúi fræðslunefndar.

17. Reglur um skólamáltíðir – Lagðar eru fram reglur frá 2008, fræðslunefnd mælir með að kannað hvort grundvöllur sé að bjóða upp á morgunhressingu eins og var fyrir COVID en leggur til að nemendaráð skólans fái tækifæri til að fjalla um reglurnar og koma með tillögum um þetta. Skólastjóri mun fylgja eftir að koma með tillögum að nýjum reglum fyrir nefndina á næsta fundi.

18. Reglur um skólavistun – Reglur um frístundaheimili í Flóahreppi frá 2018 eru lagðar fram, skólastjóri fer yfir reglurnar. Nokkrar athugasemdir voru gerðar, mun skólastjóri lagfæra reglurnar og leggja þær fyrir næsta fund.

19. Önnur mál – Skólastjóri leggur fram óveðursáætlun – röskun á skólastarfi vegna óveðurs, en á fundi fræðslunefndar sl. vor var ákveðið að skólastjóri myndi lagfæra áætlunina. Rætt um áætlunina og var fræðslunefnd sammála um að skólastjóri myndi skoða þær athugasemdir sem koma upp á fundinum og leggja fram nýja áætlun á næsta fundi.

Fundis slitið kl. 20:00